

Ástand spennikapla í steyptum brúm – áfangaskýrsla 2: Ástandsmat á völdum brúm í íslensku vegakerfi – Desember 2017. Kristján Steinn Magnússon og Baldvin Einarsson, Efla.

Í fyrsta áfanga þessa verkefnis voru teknar saman upplýsingar um aðferðir sem nota má við mat á ástandi spennikapla í steyptum brúm og metið hverjar þeirra henti best við skoðun á ástandi kapla héraðs. Í þessum áfanga voru valdar 12 brýr, sem byggðar voru á tímabilinu 1980 til 2010 og þær metnar út frá staðfærðum breskum matslykli fyrir ástand eftirspenntra brúa. Í kerfinu er byrjað á áhættugreiningu, en í henni felst söfnun og rýni viðeigandi gagna fyrir viðkomandi brú. Þá er gert áhættumat, en tilgangur þess er m.a. að ganga úr skugga um að eigendur og rekstraraðilar brúarmannvirkisins hafi skilning og þekkingu á þeim áhættuþáttum sem eru til staðar fyrir mannvirkni og að auðvelda val á viðeigandi leiðum til áhættustýringar á líftíma þess. Þetta áhættumat, sem lýst er ítarlega í skýrslunni, skilar stigum sem nota má til að forgangsráða úttektum og viðgerðum.

Fram kemur að töluvert vantaði af gögnum sem gátu varpað ljósi á ástand þeirra 12 brúa sem skoðaðar voru. En miðað við fyrirliggjandi upplýsingar benti matslykillinn til að þrjár brýr skæru sig úr og er lagt til að þær verði skoðaðar nánar með þeim aðferðum sem bent var á í fyrsta áfanga verkefnisins.

Í skýrslunni er einnig settur fram samanburður á breskri verklýsingu fyrir uppspennu og grautun í kapalrör og þeirri sem unnið hefur verið eftir héraðs (Alverk '95) auk nýrrar verklýsingar sem er í vinnslu hjá Vegagerðinni. Farið er yfir kröfur um grautinn, ídráttarrörin, spennikapla og framkvæmd uppspennu og dreginn fram áherslumunur verklýsinganna. Einnig eru í skýrslunni listuð upp þau gögn sem mikilvægt er að halda upp á fyrir brýr, í tengslum við ástandsmat á líftíma þeirra.